



Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032

Sveitarfélagsuppráttur - Efnistökusvæði Klausturhólum (E17)



GILDANDI AÐALSKIPULAGSUPPRÁTTUR



BREYTTUR AÐALSKIPULAGSUPPRÁTTUR



Greinargerð

Gerð er óveruleg breyting á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032. Breytingin felst í að skipta upp efnistökusvæðinu á Klausturhólum E17 í tvennt, nýtt svæði (E32) tekur yfir nyrsta hluta svæðis sem nú er innan E17, þ.e. þess svæðis sem er innan upprunalands Klausturhóla í Grímsnesi (L168258). Útmörk verða óbreytt.

Forsendur

Heimilt er að vinna allt að 150.000 m³ úr námunni á næstu 15 árum, í samræmi við umhverfismat. Fyrirhugað er að loka syðri hluta námunar og hefja þar frágang og landmótun. Samhliða því mun efnistaka fara fram á norðvesturhluta hennar og jafnóðum og vinnslu lýkur verður svæðum lokað og gengið frá þeim í samræmi við deiliskipulag, sem unnið er samhliða aðalskipulagsbreytingunni, og frágangssáætlan.

Innan E32 verður heimiluð efnistaka fyrir allt að 50.000 m³ og verður fyrir utan fyrirhugaða deiliskipulagssvæði. Skilmálar E17 verða lítt breyttir, umfram það að svæðinu verður skipt upp.

Skipulag

Unnið verður deiliskipulag, naman er skilgreind sem efnistöku- og efnislosunarsvæði og er nýtt sem slíkt. Heimilt er að afsetja uppmokstur og annan jarðvegs- og garðaúrang innan svæðis sem nýttur verður við landhönnun og frágang námunnar. Í deiliskipulagi verður gerð grein fyrir frágangi námunar og áfangaskipting. Umhverfismat var unnið fyrir Seyðishóla 1996 þar sem áætlað er að vinna 8-10 milljónir rúmmetra á rúmlega 30 ha svæði. Enn er unnið innan þeirra viðmiðunarmarka sem þar koma fram.

Aðkoma er frá Búrfellsvegi nr. 351.

NR.	HEITI	STÆRD (HA)	LÝSING OG SKILMÁLAR
E17	Klausturhólar	17,9	Malarnáma og efnislosunartíppur í notkun. Efnismagn allt að 200 þúsund m ³ . Matsskyld framkvæmd.

Breyting á upprætti

Efnistökusvæðinu E17 er skipt upp í tvo hluta sem verða að E17 og E32.

Breyting á greinargerð

Breyting verður gerð á skilmálum fyrir E17 í töflu í greinargerð aðalskipulags og bætt við nýju efnistöku- og efnislosunarsvæði

NR.	HEITI	STÆRD (HA)	LÝSING OG SKILMÁLAR
E17	Klausturhólar	15 ha	Malarnáma og efnislosunartíppur. Heimilt að vinna allt að 150 þúsund m ³ . Heimilt að losa lífrænt efni (jarðveg / gróðurúrang, unnið verður deiliskipulag, þ.m.t. áfangaskipting vinnslu og vegna frágangssvæðisins. Umhverfismat var unnið fyrir Seyðishóla 1996.
E32	Klausturhólar II	2,6 ha	Malarnáma og efnislosunartíppur í notkun. Efnismagn allt að 50 þúsund m ³ . Umhverfismat var unnið fyrir Seyðishóla 1996.

Umhverfisáhrif

Líkleg áhrif af stefnu aðalskipulagsbreytingarinnar eru metin óveruleg á umhverfisþætti eins og gróður og dýralíf, samfélag og ásynd. Um er að ræða sömu landnotkun og verið hefur, óbreytt umfang og efnismagn.

Aðalskipulagsbreyting þessi var auglýst skv. 1. mgr. 36 gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum. Aðalskipulagsbreytingin var samþykkt af sveitarstjórn þann _____

F.h. Grímsnes- og Grafningshrepps _____

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun _____

Skýringar

	Afþreyingar- og ferðamannasvæði		Svæði breytingar
	Frístundabyggð		Hverfisvernd
	Landbúnaðarsvæði		Vatnsvernd grannsvæði
	Opin svæði		Rafveita, loftlína
	Skógræktar- og landgræðslusvæði		Stofnvegur/stofnbraut
	Verslun- og þjónusta		Tengivegur/tengibraut
	Efnistöku- og efnislosunarsvæði		Efnistöku- og efnislosunarsvæði
	Iðnaðarsvæði		Reiðleið
	Kirkjugarðar og grafreitir		Bæir
	Minjavernd		Hæðarlínur
	Vatnsból		

Skipulagsgögn:

Uppdráttur þessi ásamt greinargerð.



Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032
Sveitarfélagsuppráttur - Breyting
Efnistökusvæði Klausturhólum (E17)

Verk: 113758
Bláðstærð: A3
Unnið: GAL
Rýnt: IS

Mælikvarði: 1:50.000
Dags: 05.03.2026
Breytt dags: